

## 11. gr.

*Innheimta.*

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

## 12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 með síðari breytingum og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 153 frá 17. febrúar 1997.

*Samgönguráðuneytinu, 3. mars 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

**REGLUGERÐ****um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

|                   | Vara                     | Tímabil         | Vörumagn | Verðtollur | Magntollur |
|-------------------|--------------------------|-----------------|----------|------------|------------|
| <i>Tollnúmer:</i> |                          |                 | kg       | %          | kr./kg     |
| 0702.0002         | Tómatar, nýir eða kældir | 16.03.-22.03.98 | ótilgr.  | 7,5        | 50         |
| 0702.0002         | Tómatar, nýir eða kældir | 23.03.-05.04.98 | ótilgr.  | 15         | 99         |
| 0702.0002         | Tómatar, nýir eða kældir | 06.04.-12.04.98 | ótilgr.  | 22,5       | 148        |
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.1000         | Blómkál                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.2000         | Rósakál                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.9001         | Hvítkál                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.9002         | Rauðkál                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.9003         | Kínakál                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |
| 0704.9004         | Spergilkál               | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.  | 30         | 0          |

| <i>Tollnúmer:</i>     | Vara                     | Tímabil         | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|-----------------------|--------------------------|-----------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0704.9005             | Fóðurmergskál            | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0704.9009             | Annað                    | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0705.1112             | Jöklasalat               | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0705.1199             | Annað (salat)            | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0705.1900             | Annað                    | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0705.2100             | Kaffifílsblöð            | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0705.2900             | Annað                    | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0706.1000             | Gulrætur og næpur        | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0706.9000             | Annað                    | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0707.0021             | Gurkur                   | 16.03.-22.03.98 | ótilgr.        | 15              | 99                   |
| 0707.0021             | Gúrkur                   | 23.03.-29.03.98 | ótilgr.        | 22,5            | 148                  |
| 0709.3000             | Eggaldinjurtir           | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0709.4000             | Selja, önnur en seljurót | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0709.5100             | Sveppir                  | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 7,5             | 100                  |
| 0709.6009             | Önnur (Chillepipar)      | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0709.9002             | Kúrbítur                 | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0709.9004             | Steinselja               | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0709.9009             | Annars                   | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| <i>Úr tollnúmeri:</i> |                          |                 |                |                 |                      |
| 0709.6003             | Paprika, græn            | 16.03.-22.03.98 | ótilgr.        | 7,5             | 99                   |
| 0709.6003             | Paprika, græn            | 23.03.-05.04.98 | ótilgr.        | 15              | 199                  |
| 0709.6003             | Paprika, græn            | 06.04.-30.06.98 | ótilgr.        | 22,5            | 298                  |
| 0709.6003             | Paprika, önnur           | 16.03.-30.06.98 | ótilgr.        | 30              | 0                    |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. mars 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*